

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Bláskóga-
byggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir eða deiliskipulagsbreytingar.

1. *Deiliskipulag frístundabyggðar, orlofssvæði BHM í Brekkuskógi, Biskupstungum.*
Deiliskipulagið nær til frístundabyggðar á alls 25,6 ha svæði. Á svæðinu eru þegar 27 orlofshús en tillagan gerir ráð fyrir 16 húsum til viðbótar. Auk þess eru innan svæðis þjónustuhús, baðhús og aðstöðuhús við tjaldsvæði.
Samþykkt í sveitarstjórn 12. júlí 2005.
2. *Deiliskipulag fimm frístundalóða úr landi Kjarnholta I, Biskupstungum.*
Kjarnholt I, gert er ráð fyrir 5 lóðum undir frístundabyggð, 0,7 til 10,3 ha að stærð.
Samþykkt í sveitarstjórn 7. október 2003.
3. *Deiliskipulag íbúðarhúsa í Efsta-Dal II í Laugardal.*
Gert er ráð fyrir tveimur 5.000 m² íbúðarhúsalóðum neðan bæjarhúsa.
Samþykkt í sveitarstjórn 30. ágúst 2005.
4. *Breyting á deiliskipulagi í Úthlíð, Biskupstungum, Djáknabrunir og Mosaskyggir.*
Breyting á deiliskipulagi sunnan á svæði og vestan Mosaskyggis.
Gert er ráð fyrir 4 5.000 m² lóðum vestan Djáknavegar á mótis við lóðir 1 til 9.
Þá er gert ráð fyrir nýju svæði með 19 lóðum vestan við Djáknaveg og standa við göturnar Mosaskyggni, Mosabrunir og Djáknabrunir. Stærðir lóða eru 4.800 m² til 7.400 m².
Samþykkt í sveitarstjórn 30. ágúst 2005.
5. *Breyting á deiliskipulagi í Úthlíð, Biskupstungum, Vörðhólsvegur.*
Aðkoma að lóðum nr. 4 og 5 við Vörðhólsvegur breytist og verður hún frá Guðjónshvammi. Vörðhólsvegur endar við lóð nr. 2-3.
Samþykkt í sveitarstjórn 30. ágúst 2005.
6. *Breyting á deiliskipulagi í Úthlíð, Biskupstungum, Vörðubrunir og Miðbrunir.*
Gert er ráð fyrir 3 frístundalóðum við Vörðubrunir norðan Guðjónshvamms og 5 lóðum sunnan Guðjónshvamms við Miðbrún. Lóðirnar eru 4.240 til 5.924 m² að stærð. Aðkoma verður frá Skarðavegi.
Samþykkt í sveitarstjórn 19. janúar 2006.
7. *Breyting á deiliskipulagi í Úthlíð í Biskupstungum, Mosaskyggir 1 og 1b.*
Gert er ráð fyrir að lóð númer 1 við Mosaskyggni verði 11.655 m² í stað 10.000 m² og að norðan lóðarinnar komi ný 2.996 m² lóð með byggingareit fyrir tækjahlús Símans hf. og tilheyrandi masturs vegna fjarskipta.
Samþykkt í sveitarstjórn 4. apríl 2006.

8. *Breyting á deiliskipulagi í Úthlíð í Biskupstungum, Mosar, svæði austan Skarðavegar.*
Gert er ráð fyrir 39 fristundalóðum á svæði sem er 40 ha að stærð og liggur austan Skarðavegar og norðvestan við núverandi fristundabyggð við Guðjónshvamm.
Samþykkt í sveitarstjórn 6. júní 2006.
9. *Breyting á deiliskipulagi í Úthlíð í Biskupstungum, svæði vestan Skarðavegar.*
Gert er ráð fyrir 79 fristundalóðum á tæplega 60 ha svæði sem afmarkast af Mosaskyggni og Mosabrúnum að suðvestan, af Skyggisvegi og Skarðavegi að norðaustan.
Samþykkt í sveitarstjórn 2. maí 2006.
10. *Breyting á deiliskipulagi í Úthlíð í Biskupstungum. Íbúðarhúsalóðir við Kónsveg 26 og 28.*
Gert er ráð fyrir tveimur nýjum lóðum, Kónsvegi nr. 26 (1.303 m²) og nr. 28 (1233 m²), þar sem heimilt verður að reisa 90 – 300 m² íbúðarhús.
Samþykkt í sveitarstjórn 6. júní 2006.
11. *Breyting á deiliskipulagi í Úthlíð í Biskupstungum, Kónsvegur nr. 12- 24 og Birkestígur nr. 1 – 4.*
Lóðin Kónsvegur nr. 12 verður nr. 24 og er ætluð fyrir 14 smáhýsi og 3 grillhús, lóðin er 10.970 m² að stærð. Fimm ferðaþjónustuhús sem voru við Kónsveg nr. 12 hafa fengið sérstakar lóðir og númer þeirra verður Kónsvegur 12 – 20, stærðir lóðanna eru á bilinu 720-890 m². Gert er ráð fyrir nýrri 908 m² lóð fyrir ferðaþjónustu við Kónsveg 22.
Lóðinni Birkestígur nr. 1 – 4 er skipt upp í 3 lóðir nr. 1a, 1b og 3. Hluti lóðar fellur undir býlið Úthlíð.
Samþykkt í sveitarstjórn 6. júní 2006.
12. *Breyting á deiliskipulagi – Friðheimar, Biskupstungum.*
Deiliskipulag fyrir kaffihús og markað.
Samþykkt í sveitarstjórn 14. mars 2000.
13. *Breyting á deiliskipulagi fristundabyggðar í landi Snorrastaða, Laugardal lóð 8.*
Gert er ráð fyrir tveimur nýjum byggingareitum auk núverandi byggingar á lóð nr. 8. Lóðin liggur að Eystri-Stekká að vestanverðu.
Samþykkt í sveitarstjórn 8. nóvember 2005.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 3. ágúst 2006.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 17. ágúst 2006